



Forstöðumaður menningar- og markaðsmála Starfslýsing til afgreiðslu á fundi bæjarstjórnar 8. maí 2025.

Starfið felur í sér ábyrgð á menningar- og markaðsmálum á vegum bæjar og hafnar.

Meningarmál fela í sér mikil gæði fyrir íbúa, en einnig fyrir gesti. Mikilvægt er að halda áfram á þeirri braut að byggja upp breytta starfsemi bókasafns, auk hins hefðbundna hlutverks þess, m.a. fjölbreyttan stuðning og þjónustu við íbúa, ekki síst nýja íbúa, með upplýsingagjöf og með því að hvetja til félagsstarfs, viðburða, fræðslu og samveru í menningarhúsum bæjarins. Ennfremur að virkja íbúa til að leggja sitt af mörkum til lista- og menningarstarfs.

Vilji er til þess að efla Grundarfjörð sem áningarstað ferðafólks, hvort sem það kemur á landi eða sjó. Ferðaþjónusta hefur verið að byggjast upp á svæðinu í langan tíma en Snæfellsnesið á enn mjög mikið inni, þegar kemur að uppbyggingu í greininni. Svæðið er einstakt og tækifærin mikil. Kirkjufell laðar að sívaxandi fjölda ferðamanna, árið um kring. Ákvarðanir bæjarstjórnar í skipulags- og umhverfismálum, í uppbyggingu hafnar og fleira, hafa miðað að uppbyggingu Grundarfjarðar sem áhugaverðs áningarstaðar. Nauðsynlegt er að fylgja þeim verkefnum betur eftir með upplýsingagjöf og markaðssetningu.

Markaðsstarf hafnarinnar hefur vaxið verulega og mikil viðbótarvinna hefur lagst á hafnarstjóra í tengslum við aukin umsvif í móttöku skemmtiferðaskipa. Á nýliðnum vetri fór mikil vinna hafnarstjóra og bæjarstjóra í að gæta hagsmuna hafnarinnar vegna breytinga í gjaldtöku ríkisins sem snertir skemmtiferðaskip og ekki er þar allt komið fram enn. Það er því rík ástæða til að gæta vel að okkar markaðshlutdeild og að viðhalda og byggja enn frekar upp góða þjónustu hafnar og góð viðskiptatengsl. Allt krefst það vinnu, ekki síst í markaðsmálum og samskiptum.

Eftirfarandi eru meginþættir í starfi forstöðumanns menningar- og markaðsmála:

Umsjón með markaðs- og áfangastaðamálum

- Tekur þátt í að framfylgja stefnu um uppbyggingu Grundarfjarðar sem áhugaverðs áningarstaðar, eins og markað er í stefnu Aðalskipulags Grundarfjarðar og öðrum áætlunum bæjarstjórnar.
- Hefur umsjón með markaðs- og miðlunarstefnu sveitarfélagsins, skv. ákvörðunum bæjarstjórnar og í samvinnu við bæjarstjóra. Er tengiliður við ráðgjafa og þjónustuaðila bæjarins í markaðsmálum.
- Ber ábyrgð á upplýsingagjöf um þjónustu og starfsemi sveitarfélagsins, rekstri upplýsingamiðstöðvar eftir atvikum, hvar sem reksturinn fer fram eða í hvaða formi. Hefur umsjón með gerð kynningar- og fræðsluefnis, s.s. á vef bæjarins, öðrum vef- og prentmiðlum, í auglýsingum, bæklingum, göngukortum o.fl.
- Hefur umsjón með gerð upplýsinga- og söguskilta, vegpresta og annarra merkinga á vegum bæjarins, og annast samskipti við hagsmuna- og þjónustuaðila vegna þess.

- Annast samskipti við Svæðisgarðinn, Markaðsstofu Vesturlands, nágranna- og samstarfssveitarfélög um sameiginlegt markaðs- og kynningarstarf.
- Tekur þátt í öðrum verkefnum sem snúa að uppbyggingu innviða í barnvænu og heilsuefandi samfélagi, s.s. við stígagerð, útivistar- og almenningssvæði, o.fl.
- Starfar með hafnarstjóra og er til aðstoðar við markaðsmál hafnarinnar, einkum vegna móttöku skemmtiferðaskipa. Í því felst gerð kynningarefnis á vef eða öðrum miðlum, samskipti við viðskiptavini, þjónustuaðila og aðra, og þátttaka í að skipuleggja þjónustu við gesti á hafnarvæði.*
- Er tengiliður við þjónustuaðila í sveitarfélaginu og út fyrir það, vegna upplýsingagjafar, miðlun hugmynda og til að mynda sterka keðju og gott samskiptanet í tengslum við ferðaþjónustu.

* Sumarið 2025 er ætluin að hafa upplýsingagjöf fyrst og fremst á vegum hafnarinnar, á hafnarvæðinu, og leggja áherslu á góða upplýsingagjöf og móttöku gesta, sér í lagi á stórum skipadögum.

Umsjón með menningarmálum

- Er starfsmaður menningarnefndar bæjarins og vinnur með henni að menningar- og markaðstengdum málum.
- Sér um að hrinda í framkvæmd menningar- og listviðburðum á vegum menningarnefndar/bæjarins, bæði föstum liðum s.s. Rökkurdagar, og ljósmyndasamkeppni, sem og tilfallandi viðburðum. Hér skiptir máli að virkja íbúa og fleiri og, í samstarfi við menningarnefnd, til umsjónar með og þátttöku í áhugaverðum viðburðum.
- Er þeim aðilum innan handar, sem sjá um hátíðir í bænum, s.s. Sjómannadagsráð, Á góðri stund o.s.frv.
- Er megintengiliður og sér um samskipti við vinabæinn Paimpol, í samstarfi við bæjarstjóra og stjórn Grundapol-samtakanna í Grundarfirði.
- Sækir um styrki vegna menningar- og markaðsmála. Mikilvægt er að sækja alltaf um í Uppbyggingarsjóð Vesturlands.

Yfirumsjón með menningarhúsum bæjarins og starfsemi þeirra

- Yfirumsjón með starfsemi Sögumiðstöðvarinnar að Grundargötu 35, sem er menningar- og samfélagsmiðstöð, og Samkomuhússins, Sólvöllum 3. Einnig umsjón með samvinnurýminu að Grundargötu 30, þar sem leigð er út aðstaða fyrir ólíka starfsemi.
- Gert er ráð fyrir því að í Sögumiðstöð verði sérstakur starfsmaður sem sjái um bókasafnið og samfélagsstarfið þar, og að í samkomuhúsinu verði umsjónarmaður hússins, eins og verið hefur. Báðir þessir starfsmenn hafi umboð og séu sjálfstæðir í störfum, séu tengiliðir við fasta notendur húsanna og annist samskipti við aðra starfsmenn húsanna, s.s. vegna þrifa, eignausmjónar, viðhalds, útleigu o.fl.
- Út frá stöðu Sögumiðstöðvar í dag, felst í starfinu að fylgja eftir stefnu um uppbyggingu menningarstarfs og safna-/sýningarhluta í Sögumiðstöð og að koma þeim hlutum húss og starfsemi í nothæft ástand (*ath. framkvæmdir 2025*).
- Ábyrgð á markmiðasetningu og framfylgd í ljósmyndasafni Bærings Cecilssonar, í samræmi við þann grunn sem lagður hefur verið. Í því felst að hafa yfirsýn yfir safnið, gera áætlun (með menningarnefnd og starfsmanni safnsins) um áfangaskipta vinnu við varðveislu ljósmynda, við birtingu mynda á sarpur.is og sjá til þess að áætlun um þá uppbyggingu sé framfylgt.
- Samvinna við tónlistarskóla um möguleika á að nýta aðstöðu fyrir hlaðvarpsgerð og upptökur, en aðstaða til slíks er nú í Tónlistarskólanum (og er nýtt af tónlistar- og grunnskóla).

- Markmiðasetning fyrir starfsemi framangreindra húsa og starfsemi sé skýr og unnið eftir áætlun um uppbyggingu og umbætur, sem forstöðumaður fylgir eftir í samvinnu við menningarnefnd, bæjarstjóra, starfsmenn og hagaðila.

Yfirumsjón með tjaldsvæði bæjarins, rekstri og starfsemi þess

- Hafa yfirumsjón með starfsemi tjaldsvæðis, í samráði við bæjarstjóra, umsjónarmann tjaldsvæðis, aðra starfsmenn og hagaðila.
- Áfram er gert ráð fyrir því að fyrir tjaldsvæðið verði sérstakur umsjónarmaður, sjálfstæður í störfum, sem sér um svæðið og meginsamskiptin þar, eins og verið hefur, auk viðbótarfólks á sumrin og afleysinga, svipað og verið hefur.
- Framfylgja áætlunum og setja skýr markmið um starfið, vinna eftir áætlun um uppbyggingu og umbætur. Markmiðasetning og nýting svæðisins sé rýnd og leitast við að ná sem bestri nýtingu og hagkvæmni í rekstri, út frá tölulegum staðreyndum.

Rekstur, fyrirsvar og fleira

- Forstöðumaður ber ábyrgð á rekstri framangreindra stofnana og starfsemi.
- Annast önnur störf sem honum kunna að vera falin af yfirmanni og falla innan eðlilegs starfssviðs hans.
- Þekkir og starfar eftir stefnu bæjarins og áætlunum, gildandi lögum og reglum sem ná yfir starf hans og starfssvið.
- Tekur þátt í gerð fjárhags- og starfsáætlana, ber ábyrgð á að rekstur sé í samræmi við fjárheimildir, mannvirki séu í rekstrarhæfu ástandi, sér um starfsmannamál á sínu sviði, hefur yfirumsjón með útleigu og þjónustu í samræmi við gjaldskrár fyrir starfsemina, samþykkir reikninga, o.fl.
- Trúnaður og þagmælska ríkir um persónuverndargögn og upplýsingar.
- Næsti yfirmaður er bæjarstjóri.

Starfshlutfall

- Starfið verði 100% stöðugildi. Mikilvægt er að sníða umfang verkefna að starfshlutfalli, meðan starfið er í mótun.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. á sviði markaðsmála, rekstrarfræða, stjórnunar, miðlunar eða ferðaþjónustu.
- Mjög góð færni og lipurð í mannlegum samskiptum, færni í að miðla upplýsingum og hugmyndum með fjölbreyttum hætti, færni í að fylgja eftir hugmyndum og koma þeim í framkvæmd og að virkja aðra, frumkvæði, skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð, jákvæðni og áhugi á að þróa starfið og þjónustuna.
- Mjög góð færni í íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti. Kostur að hafa vald á öðrum tungumálum.
- Mjög góð almenn tölukunnátta ásamt þekkingu á gagnagrunnum, leitarvélum, skjalastýringakerfum og öðrum forritum sem nýtast á viðkomandi sviði. Mjög góð færni í að nýta samfélags- og samskiptamiðla.